

Þríhyrningastarfið.

Þríhyrningastarfið er alheimslegt þjónustustarf sem stendur öllum góðviljuðum einstaklingum til boða. Starfið er einfalt og fljótlegt í framkvæmd og krefst engrar sérþekkingar eða sérhæfileika. Þríhyrningastarfið er visst form huglægrar vinnu sem sérstaklega er ætlað til að leggja þróunarkröftunum lið.

Starfið byggist á samvinnu þriggja einstaklinga sem mynda daglega hugræna tengingu sín á milli í formi þríhyrnings. Einstaklingarnir nota ákall eða bæn til að tengjast andlegum orkustöðvum, og þríhyrningurinn verður leiðari fyrir hina andlegu orku og um leið þáttur í heildarorkumynstri þríhyrninga um alla jörðina.

Orkan í birtingu greinist ætíð frá hinni einu frumrót í þrem straumum. Guðdómurinn í birtingu er þrí-einn - Faðir, Sonur, Heilagur Andi. Í öllu sköpunarverkinu má sjá þrjá meginþætti, þrjá póla, sem um síðir renna saman í einingu upprunans. Okkur er sagt að orkumiðlun í alheiminum byggist að mjög miklu leyti á þríhyrningatengingum. Orkan streymir milli sólkerfa og pláneta í þríhyrningasamböndum. Hið sama gerist innan orkulíkama mannsins, þar sem hinir ýmsu orkuþríhyrningar eru virkir á mismunandi tímum í þroskaferli mannsins. Tengingar orkustöðvanna leitast við að mynda orkubrautir í formi þríhyrninga.

Efnissviðið eða efnisheimurinn greinist í sjö megingintíðnisvið: Þétt efni, vökvakennt, loftkennt, og fjórar gerðir etherfnis. Þéttasta og þyngsta ethergerðin er hinn svonefndi fjórði ether. Fjórði etherinn er að grunni til byggður á fjórþættu orkumynstri - ferhyrningum. Verkefni þróunarinnar er að ummynda efnið - gera það hæfara fyrir tjáningu lífsins í gegnum æ fíngerðari og þróaðri form. Mannkynið tekur þátt í þessu verkefni og getur lagt mikið af mörkum til við þróun efnisgerðanna. Þetta sjáum við mjög vel í öllu því starfi sem mannkynið stendur fyrir til að hagnýta efni til margvíslegra nota, og þessi meðhöndlun efnisins er einn þátturinn sem ýtir undir þróun þess.

Etherefnið gengst undir sambærilega þróun. Helsta verkefnið í þeirri þróun er að ummynda grunngerð fjórða ethersins úr fjórskiptu í þrískipt orkumynstur, með öðrum orðum að kljúfa ferhyrningana og mynda þríhyrninga. Þessi þróun gerir etherinn léttari og orkustreymið auðveldara, þar með færast hinn ósýnilegi heimur nær hinum sýnilega, þar sem fíngerðari orkutegundir geta birst í gegnum lægsta ethersviðið. Þar með hækkar orkustig ethersins, sem gerir allt andlegt starf auðveldara.

Tilgangur þríhyrningastarfsins er fjölþættur, og má í því sambandi nefna þrennt:

- Að stuðla að framþróun ether-efnisins og gera með því hið etheríska andrúmsloft jarðarinnar léttara.
- Að stuðla að því að menn læri að vinna huglægt með þríhyrningatengingar, og líki á þann hátt á eftir hinu alheimslega sköpunarstarfi.
- Að mannkynið byggi upp orkunet samsett úr þríhyrningatengingum. Markmiðið er að þetta net nái yfir alla jörðina og verða nothæft til miðlunar á andlegri orku frá æðri miðstöðvum orku innan plánetunnar, sólkerfisins eða jafnvel frá kosmískum orkuuppsprettum.

Þríhyrningastarfið er fljótlegt og mjög einfalt í framkvæmd, en einfaldleikinn er aðeins yfirborðið á mjög þýðingarmiklu og djúpsæu andlegu starfi, sem öllum einstaklingum stendur til boða að taka þátt í. Þrír einstaklingar koma sér saman um að mynda þríhyrningatengingu sín á milli. Hver um sig fer með stutta hugleiðingu daglega. Tímasetning þarf ekki að vera samræmd milli einstaklinganna, en æskilegt er að menn komi sér upp föstum starfstakti - að það verði hluti af verkefnum hvers dags að viðhalda þríhyrninginum með stuttri hugleiðslu. Menn geta tekið þátt í fleiri en einum þríhyrningi, og þríhyrninga er hægt að mynda milli einstaklinga hvar sem þeir eru staddir á jörðinni. Margir alþjóðlegir þríhyrningar eru virkir.

Í meginatriðum er þríhyrningahugleiðslan eftirfarandi: Með mætti ímyndunarafsls myndar maðurinn huglægan þríhyrning milli sín og hinna meðlima þríhyrningsins; notuð er hugræn sjónmyndun. Þannig myndar maðurinn alla þríhyrningana, hvern á fætur öðrum, sem hann tengist - einn eða fleiri. Því næst fer maðurinn með Ákallið mikla í huganum. Einnig má nota aðra bæn eða ákall t.d. Faðir vor. Þríhyrningnum er viðhaldið með starfi þeirra þriggja einstaklinga sem mynda tengipunkta hans. Eftir því sem starfið er unnið lengur vex hæfni og skilningur mannsins og þríhyrningurinn verður virkari og kraftmeiri. Hver einstaklingur þarf að finna sjálfur bestu aðferðina sem honum hentar í þessu starfi. Nauðsynlegt er að hugleiða hvernig best er að undirbúa sig fyrir starfið, komast í rétt hugarástand og vinna hugrænt á réttan hátt. Markmið þeirrar hugleiðingar er sú að gera sér smátt og smátt betur grein fyrir þeim hugmyndum eða hugformi sem Ákallið eða sú bæn sem notuð er tengist, skilja betur þá krafta er verið að kalla fram og hvernig er best að mynda æskilegan farveg fyrir orkuna sem virkjuð er.

Þríhyrningastarfið er þjónusta við þróunina. Í því felst ekki neinn persónulegur ávinningur og ekki ætti að vera nein hugsun um persónulega umbun fyrir starfið. Þátttaka í starfinu hlýtur ætíð að vera af eigin hvötum hvers einstaklings, vegna þess að viðkomandi þráir að leggja lið andlegum þróunarkröftum og er tilbúinn til að stunda starfið viðstöðulaust og ætíð af sama áhuga og gleði. Ef menn finna til löngunar að taka þátt í starfinu er rétt að íhuga málið um tíma, sofa á því, og sjá hvort áhuginn sé nægilega djúpstæður og varanlegur til að rétt sé að stíga þetta skref. Því miður er reynslan sú að flestir hætta eftir nokkra mánuði eða eitt til tvö ár. Úthaldið er ekki meira, áhuginn stendur ekki á nægilega traustum grunni, hinn daglegi erill og umstang fær menn til að gleyma þeirri skyldu sem menn tóku á sig fyrir þróunarstarfið.

Hagnýt atriði: Nauðsynlegt er að þríhyrningafélagar láti féлага sína vita reglubundið að þeir séu virkir í starfinu. Til dæmis er hægt að nota þá aðferð að skiptast á jólakortum og merkja það með litlu þríhyrningamerki. Þetta er ágæt leið, því flestir senda jólakort um jólin og þá fellur þessi tilkynningaskylda undir þá venju. Ef þríhyrningafélagi hefur ekki samband í meira en eitt ár, má fastlega gera ráð fyrir að hann sé ekki lengur virkur. Það er algjör undantekning, að minni reynslu, að menn láti sérstaklega vita að þeir séu hættrir. Þeir einfaldlega gleyma þessu. Ef þú ert starfandi og gleymir að senda jólakort, en færð kort frá hinum félögnum, er algjör nauðsyn að þú sendir t.d. nýárskort í staðin, því annars gæti þríhyrningurinn rofnað að þarflausu.

Þríhyrningastarfið er eitt form samvinnu. Menn tengjast í þjónustustarfi og vinna óeigingjarnt starf til undirbúnings næstu skrefum þróunarinnar. Mönnum hættrir til að vanmeta hugrænt starf, vegna þess að það er ekki sýnilegt í ytra skilningi. Hugsun er til alls fyrst. Ekkert gerist án undanfarandi hugsunar. Sköpunarstarfið er fyrst hugrænt og síðan er mögulegt að áhrif þess nái niður í efnislegt form. Þróunin byggist fyrst og fremst á hugrænu starfi. Það sem gerist í efnisheiminum er aðeins ytri birting á því sem þegar hefur gerst á hugrænum sviðum. Hugræn samvinna er því liður í bættum samskiptum milli manna og forstíga bræðralags meðal manna sem gerir mögulegt nána samvinnu mannkynsins og Hvíta Bræðralagsins.

Þríhyrningastarfið og Ákallið mikla er sent mannkyninu frá Hvíta Bræðralaginu, sem einnig er nefnt Helgivaldið eða Samfélag Heilagra. Ákallið mikla var sent í þrem hlutum. Sá síðasti er það ákall sem við notum nú og er ritað hér að neðan. Það var gefið mannkyninu í apríl 1945, sem tákni um mikil tímamót í sögu mannkynsins - það er þegar hinn mikli Avatar of Synthesis (Avatar samfjöllumar) hafði tengst áru Plánetulogossins.

Ákallið mikla

Frá ljóssins dýrðar lind í huga Guðs
lát ljósið streyma inn í huga manns.
Lát ljósið lýsa þessa vora jörð.

Frá kærleiks lind í ljúfu hjarta Guðs

lát kærleik streyma inn í hjarta manns.
Komi Kristur aftur jarðar til.

Frá máttarstöð er miðar vilja Guðs
lát markmið stýra veikum vilja manns.
Markmið það er meistarnir sjá.

Frá máttarstöð sem mannkyn köllum vér
lát markmið ljóss og kærleiks sækja fram.
Svo innsigli það dyr hins illa valds.

Lát kærleik, ljós og æðri mátt leiða stefnu lífs á jörð.

Í Ákallinu er fólgin þróunaráætlun mannkynsins nú og um komandi aldir, sem er undirbúningsstarf fyrir það meginverkefni sem mannkynið mun taka að sér í þróun plánetunnar, sólkerfisins og tengdra sólkerfa.

Almennir þríhyrningafundir.

Þríhyrningastarfið er einnig hægt að vinna í hópstarfi. Í starfi Áhugamanna um þróunarheimspeki hefur verið hafður sá háttur á að ljúka öllum fundum í Gerðubergi - í framhaldshópnum og síðustu tímana í byrjendahópnum - með þríhyrningahugleiðslu. Yfir sumartímann er þessu hópstarfi haldið áfram með mánaðarlegum hugleiðingarstundum. Þá er miðað við þá daga sem tungl er fullt. Á þeim tíma eru áhrif sólarinnar í hámarki og andleg viðleitni auðveldust. Þá skapast einnig hápunktur hins sameiginlega starfs mannkynsins og Helgivaldsins, því allir starfa eftir þessum sama takti. Tungl-
fyllingartíminn er einnig sérstakur hátíðartími, tími einingar, samtengingar og samstöðu manna og máttugra Lífa fyrir milligöngu Hvíta Bræðralagsins.

Hin raunverulegur áramót eru um vorjafndægur - þegar dagur og nótt eru jafn löng - vorpunkturinn fellur yfirleitt á 21. mars. Þá hefst ný umferð um stjörnumerkjahringinn og fyrsta stjörnumerkið er Hruturinn. Á fyrsta fulla tungli hrútsmerkisins er páskahátíðin. Hin sérstaka hátíð kristinnar trúar. Hin hefðbundna páskahátíð er á sama hátt miðuð við tungl hrútsmerkisins, því hún er haldin á fyrsta sunnudegi eftir fyrsta fulla tungl eftir vorjafndægur. Á fyrsta fulla tungli Nautsmerkisins er hin mikla hátíð Vesak. Þá tengist Búdda - Hinn Uppljómaði - mannkyninu og veitir því blessun sína. Á fyrsta fulla tungli Tvíburamerkisins er önnur mikil hátíð, hátíð Krists. Það er hátíð hins nýja tíma, hátíð alheimslegrar samstöðu og sameiningar undir handleiðslu Krists, til undirbúnings fyrir Hans mikla starf nú og í framtíðinni.